

# Samantekt um bráðamengun árið 2023



## Samantekt um bráðamengun árið 2023

Nóvember 2024

**Útgefandi** Umhverfisstofnun

**Útgáfunúmer** UST-2024:12

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

[www.ust.is](http://www.ust.is)

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
2. Skammstafanir .....	5
3. Tilkynningar um bráðamengun og atburði .....	6
3.1 Tilkynningar um mengunaróhöpp á landi .....	6
3.2 Tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða .....	6
3.3 Tilkynningar um bráðamengun / atvik utan hafnarsvæða .....	9
3.4 Tilkynningar um strand skipa /báta .....	10
3.6 Olíuleki frá El Grillo .....	11
4. Eftirlit Landhelgisgæslu Íslands og CleanSeaNet .....	12
5. Æfingar og þjálfun .....	12
6. Innlent og erlent samstarf .....	13
6.1 Mengunarvarnaráð hafna .....	13
6.2 Kaupmannahafnarsamkomulagið .....	14
6.3 EPPR / MOSPA .....	14

# 1. Inngangur

Samantekt þessi yfir bráðamengun á árinu 2023 er unnin í samræmi við 26. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda en samkvæmt henni skal Umhverfisstofnun fyrir 15. september ár hvert taka saman og birta opinberlega upplýsingar um bráðamengun næstliðins árs. Í samantektinni skal einnig greint frá eftirliti, æfingum og samstarfi við mengunarvarnaráð hafna, hafnir og stofnanir.

Skylt er samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda að tilkynna um bráðamengun en það fer eftir staðsetningu atviksins til hvaða aðila tilkynna skal um mengunina. Ef um er að ræða bráðamengun innan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til viðkomandi hafnarstjóra sem ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunarinnar. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Ef bráðamengun verður utan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til vaktstöðvar siglinga sem kallar til vakthafandi aðila innan Umhverfisstofnunar, enda ber stofnunin ábyrgð á að gera viðeigandi ráðstafanir vegna mengunarinnar. Ef um er að ræða mengunaróhapp á landi skal tilkynna um það til viðkomandi slökkviliðs. Nánari upplýsingar um tilkynningar vegna bráðamengunar og viðbrögð við bráðamengun er að finna í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

Hér á eftir eru teknar saman upplýsingar um tilkynningar um bráðamengun og atburði innan hafnarsvæða sem Umhverfisstofnun bárust árið 2023 og upplýsingar um bráðamengun eða atburði utan hafnarsvæða sem tilkynnt var um til Umhverfisstofnunar. Ekki er fjallað um mengunaróhöpp á landi sem skylt er að tilkynna til viðkomandi slökkviliðs, nema Umhverfisstofnun hafi einnig borist tilkynning um óhappið.

## 2. Skammstafanir

Hér á eftir er yfirlit um helstu skammstafanir sem notaðar eru í þessari samantekt:

EMSA - Siglingaöryggisstofnun Evrópu

EPPR - Vinnuhópur Norðurskautsráðsins um varnir, viðbúnað og viðbrögð við Umhverfissvá

HEF - Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

HER - Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

HEVF - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

LHG - Landhelgisgæsla Íslands

ODR - Olíudreifing

## 3. Tilkynningar um bráðamengun og atburði

### 3.1 Tilkynningar um mengunaróhöpp á landi

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
16. jan.	Hafnarfjörður	Kvörtun barst til HEF í desember 2023 um að olíu- og/eða tjöruhreinsislykt bærisk úr frárennsliskerfi og inn í íbúðarhús. Umhverfisstofnun barst erindi frá Hafnarfjarðarbæ 16. janúar þar sem tilkynnt var um olíuleka frá bensínstöð Costco.	Umhverfisstofnun tók málið til formlegrar meðferðar og varð niðurstaðan sú að leggja stjórnvaldssekt á Costco Wholesale Iceland ehf. í ljósi alvarleika brotsins og skorti á árvekni. Óumdeilt er að yfir 111.000 L af dísilolíu hafi lekið út í sjó.
16. og 17. júlí	Skápadalur	Umhverfisstofnun bárust ábendingar um olíuleka frá skipinu Garðari BA 64 sem er í fjörunni í Skápadal í Patreksfirði.	Ábendingum komið á framfæri við HEVF.
17. ágúst	Reykjavík	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um mengun í settjörn í nágrenni við Breiðholtsbraut.	Ábendingu komið á framfæri við slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og HER.

### 3.2 Tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
4. janúar	Kópavogur	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um að verið væri að sturta olíu og tjöru- menguðum snjó í Kópavogshöfn.	Umhverfisstofnun hafði samband við hafnaryfirvöld. Bent á að æskilegast væri að fara með snjóinn í settjarnir þar sem hann getur innihaldið ýmis konar efni (þungmálma, þrávirk efni úr olíu og örplast).

5. feb.	Kópavogur	Bátur í Kópavogshöfn fór á hliðina eftir að mikið vatn safnaðist í hann. Umhverfisstofnun barst ekki tilkynning um atvikið heldur fékk vitneskju um það vegna umfjöllunar í fréttum.	Umhverfisstofnun hafði samband við Kópavogshöfn og fékk þær upplýsingar að eiganda hefði verið gert viðvart sem kom og mat aðstæður. Engin hætta talin á ferðum.
28. feb.	Hafnarfjörður	Tilkynning barst til Umhverfisstofnunar og Hafnarfjarðarhafnar um olíuflekk í höfninni sem barst frá odda Óseyrarbyggju eða frá smábátahöfninni.	Við skoðun hafnarstarfsmanna kom í ljós að um var að ræða sjálfvirkt lens úr smábát við Flensborgarhöfn. Töluverður sunnan strengur og því lá olíubræk út eftir firðinum. Olíubrækin hvarfaðist töluvert hratt og því ekki talin þörf á aðgerðum.
13. mars	Hafnarfjörður	Trébáturinn Erna sökk í Hafnarfjarðarhöfn.	Höfnin greip til aðgerða vegna atviksins, m.a. voru settar út ísogspylsur til að fanga smurolíu sem smitaðist upp á yfirborð sjávar.
26. mars	Ólafsvík	Tilkynning barst um að saltflutningaskipið Wilson Hook hefði strandað á sandrifi í höfninni í Ólafsvík.	Engin mengun frá skipinu og engin hætta talin á ferðum. Skipið losnaði af strandstað einum og hálfum tíma síðar.
14. apríl	Húsavík	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um olíumengun í Húsavíkurhöfn.	Ábendingu komið á framfæri við hafnarstjóra en ekki nógu fljótt til að hægt væri að bregðast við strax. Hafnarstarfsmenn höfðu þó ekki orðið varir við mengun. Hafnarstjóri ætlaði að brýna fyrir notendum hafnarinnar þörf á betri umgengni.
30. apríl	Sandgerði	Fiskibáturinn Þröstur brann við Norðurgarð í Sandgerðishöfn.	Brunavarnir Suðurnesja unnu að slökkvistarfi. Mengunarvarnagirðingu

			komið út í kringum skipið til að koma í veg fyrir að olíumengun bærist frá skipinu. Engin mengun sýnileg.
25. maí	Eskifjörður	Ábending barst um grútarmengun í Eskifirði frá fiskimjöls-verksmiðjunni Eskju.	Við hreinsun á lýsistanki gleymdist að loka krana og fór lýsi niður í niðurfall. Hreinsunaraðgerðir á vegum fyrirtækisins.
30. maí	Eskifjörður	Tilkynning barst til Umhverfisstofnunar um mögulega mengun í sjó við fjöruborð kaupþúnsins í Eskifirði.	Engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar.
Júlí - sept.	Eskifjörður	Ítrekað bárust ábendingar um grútarmengun í Eskifirði.	Ábendingum fylgt eftir í mengunareftirliti Umhverfisstofnunar á grundvelli útgefins starfsleyfis.
12. júní	Siglufjörður	Olíumengun í kringum togarann Múlaberg sem lá við Togara-bryggju á Siglufirði. Í ljós kom að dælt hafði verið olíu á togarann fyrir um daginn og við skoðun að gat var á olútanki skipsins.	Slökkvilið Fjallabyggðar með aðstoð björgunar-sveitar greip til aðgerða. Flogið með dróna til að meta umfang mengunar og settar út ísogspylsur.
8. ágúst	Fáskrúðsfjörður	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um grútarmengun í Fáskrúðsfirði og áhrif grútarmengunar á æðarfugla.	Ábendingu fylgt eftir í gegnum mengunareftirlit Umhverfisstofnunar.
18. ágúst	Reykjavík	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um að rusl og brota-járn hefði fallið í sjóinn þegar verið var að hlaða skipið Onego Deusto.	Ábendingunni var komið á framfæri við Faxaflóahafnir. Bætt var við netum milli skips og bryggju.
24. ágúst	Breiðafjörður	LHG bárust upplýsingar um nokkur stykki af CLT	Ekki reyndist unnt að staðfesta upplýsingarnar.



		timbureiningum sem mögulega væri á reki í Breiðafirði. Tilkynningunni var komið á framfæri við Umhverfisstofnun.	Engar frekari tilkynningar bárust vegna þessa.
1. sept.	Sandgerði	Umhverfisstofnun barst ábending um mengun í Sandgerðishöfn.	Umhverfisstofnun kom ábendingunni á framfæri við Sandgerðishöfn þar sem hafnaryfirvöld bera ábyrgð á viðbrögðum við bráðamengun innan hafnarsvæðis.
10. sept.	Við Akurey	Flutningaskipið Vera D tók niðri rétt fyrir utan Akurey.	Hafnsögumenn og LHG fóru á vettvang. Þunn olíubrúk sást í kringum skipið. Ákveðið að flutningaskipið héldi til hafnar í Reykjavík þar sem mengunarvarnagirðing yrði dregin umhverfis skipið.
23. sept.	Norður af Siglufirði	Eldur kom upp í vélarrúmi bátsins Hópsness, 500 m norður af Siglufjarðarhöfn.	Björgunarskip frá Siglufirði sent til aðstoðar og fór það með bátinn að bryggju. Engar tilkynningar bárust um leka í bátnum eða mengun.

### 3.3 Tilkynningar um bráðamengun / atvik utan hafnarsvæða

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
9. janúar	Vestur af Reykjanesskaga	Tilkynning barst frá LHG um að flutningaskipið EF AVA væri vélarvana 5 sjómíllur vestur af Stafnesi.	Tókst að ræsa vélar skipsins. Dráttarbáturinn Magni fylgdi skipinu eftir áleiðis til Reykjavíkur.
4. maí	Norðvestur af Seltjarnarnesi	Stjórnstöð LHG barst ábending frá	Þyrlla LHG flaug yfir svæðið. Smá slika sást en

		Reykjavíkurlugturni um að flugmaður flugvélar sem var að koma til landingar hefði mögulega séð mengun í sjó.	ekki talin ástæða til aðgerða.
5. júní	Austan við Arnarstapa	Handfærabátur strandar undan Breiðuvík, austan Arnarstapa á Snæfellsnesi. Báturinn frekar hátt í fjörunni og lá þar á hliðinni. Vætanlega einhver hundruð L af dísilolíu um borð.	Engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar.

### 3.4 Tilkygningar um strand skipa /báta

Hvenær	Hvar	Atburður	Aðgerðir/athugasemdir
18. mars	Húnaflói	Flutningaskipið Wilson Skaw strandar á Húnaflóa.	Varðskipið Freyja var sent á vettvang og einnig mengunarvarnabúnaður í eigu Umhverfisstofnunar ásamt fulltrúum stofnunarinnar. Eftir að Wilson Skaw losnaði af strandstað var farið í aðgerðir skv. samþykktri björgunaráætlun, þ.m.t. dælingu olíu úr skipinu og tilfærslu á farmi skipsins. Skipið var dregið í Steingrímsfjörð, nær höfninni að Hólmavík og að loknum bráða- viðgerðum var skipið dregið til hafnar á Akureyri.
18. maí	Utan við Stykkishólm	Báturinn Ronja 1524 varð aelda skammt frá Stykkishólmi (við Staðarbakka á	Slökkviliðsstjórinn í Stykkishólmi lét brenna bátinn til að forðast olíumengun en hann var

		Breiðafirði) og rak síðan í strand.	skammt frá landi. Umhverfisstofnun óskaði eftir aðgerðaáætlun frá eiganda bátsins þar sem fjarlægja yrði bátinn af strandstað og hreinsa ströndina. Unnið samkvæmt samþykktri aðgerðaáætlun í samráði við landeiganda.
21. sept.	Tálknafjörður	Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson strandaði á Sveinseyri í Tálknafirði.	Skipið var losað af strandstað á kvöldflóði með aðstoð björgunarskips og báta sem þjónusta fiskeldi. Ekki varð vart mengun frá skipinu.
19. des.	Hólmavík	Báturinn Hlökk/2696 strandaði í innsiglingunni inn í Hólmavíkurhöfn.	Kallað eftir aðstoð björgunarsveita og slökkviliðs og tókst að koma bátnum á flot og til Hólmavíkur. Ekki tilkynnt um olíuleka.

### 3.6 Olíuleki frá El Grillo

Sumarið 2023 varð áfram vart við olíuleka frá skipinu El Grillo. Seyðisfjarðarhöfn setti út ísogspylsur til að fanga olúna en mengunarvarnagirðing sem keypt var árið 2022 eyðilagðist þegar hringurinn sem hún var fest í slitnaði frá baujum í stormi.

Seyðisfjarðarhöfn hefur óskað eftir því við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti að áfram verði unnið að því að finna varanlega lausn vegna olíuleka frá El Grillo.

## 4. Eftirlit Landhelgisgæslu Íslands og CleanSeaNet

Landhelgisgæsla Íslands hefur eftirlit með hafsvæðum Íslands, jafnt úr lofti sem af sjó. Ef vart verður við mengun í eftirliti LHG er tilkynnt um hana til Umhverfisstofnunar. Auk þess sér LHG um móttöku á gervitunglamyndum frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) í samræmi við samning LHG og Umhverfisstofnunar þar að lútandi. Gervitunglamyndirnar fást í gegnum CleanSeaNet þjónustu EMSA og eru notaðar til að greina hugsanlega olíumengun innan íslenskrar mengunarlögsögu. Brugðist er við ef eitthvað bendir til að olíumengun gæti á viðkomandi hafsvæði. Árið 2023 voru engin tilvik um olíumengun af völdum jarðefnaeldsneytis staðfest innan íslenskrar mengunarlögsögu í kjölfar greininga á gervitunglamyndum. Nánari upplýsingar um CleanSeaNet og eftirlit í íslenskri mengunarlögsögu byggðu á gervitunglamyndum er að finna í skýrslu LHG (Mengunareftirlit 2023 - Byggt á gervitunglamyndum frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA) sem er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

## 5. Æfingar og þjálfun

Aðgerðaáætlun [Umhverfisstofnunar](#), [Landhelgisgæslu Íslands](#) og [Samgöngustofu](#) um viðbrögð við bráðamengun utan hafna og notkun skipaafdrepa er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Áætlunin fjallar um hvernig bregðast á við þegar óhöpp verða á sjó er varða skip í efnahagslögsögu Íslands sem þykja ógna siglingaöryggi eða geta valdið umhverfistjóni. Áætlunin er hugsuð sem sameiginlegt stjórnþæki Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu og er ætlað að tryggja fuðlaust verklag og framkvæmd viðbragða vegna bráðamengunar og þegar hætta er talin á bráðamengun. Auk þess er aðgerðaáætluninni ætlað að tryggja rétta framkvæmd við notkun skipaafdrepa sem útnefnd eru af Samgöngustofu. Skipaafdrepa eru annars vegar innan hafna (neyðarhöfn) og hins vegar skjólgóð svæði sem eru tilgreind utan hafna.

Samkvæmt aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir að tvær sameiginlegar æfingar Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar séu haldnar árlega, annars vegar verkleg æfing og hins vegar skrifborðsæfing. Árið 2023 var engin skrifborðsæfing haldin en tvær skrifborðsæfingar höfðu verið haldnar árið 2022. Einnig var litið á viðbrögð við bráðamengun vegna strands flutningaskipsins Wilson Skaw sem ígildi skrifborðsæfingar. Verklega mengunarvarnaæfingin var

haldin á Siglufirði í október í samstarfi við Fjallabyggðarhafnir og heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.

Samráðsfundur Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar var haldinn 16. júní 2023.

Í gildi er samningur milli Umhverfisstofnunar og Olíudreifingar um aðstoð ODR í viðbrögðum við bráðamengun og notkun og viðhald mengunarvarnabúnaðar Umhverfisstofnunar. Samkvæmt samningnum er meðal annars gert ráð fyrir þjálfun og æfingum útkallshóps ODR (kjarnahóps) a.m.k. einn dag árlega. Engin mengunarvarnaæfing var haldin árið 2023 en stærsti hluti útkallshópsins tók þátt í aðgerðum vegna strands flutningaskipsins Wilson Skaw og var litið á það sem fulla æfingu með mengunarvarnabúnað Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt svokallaðri innri viðbragðsáætlun ef bregðast þarf við vegna bráðamengunar. Ekki var haldin skrifborðsæfing árið 2023 til að reyna á virkni þeirrar áætlunar en bráðamengunarteymi Umhverfisstofnunar kom að viðbrögðum við bráðamengun vegna strands Wilson Skaw.

Í mars 2022 var gefin út [landsstefna](#) um notkun dreifiefna í íslenskri mengunarlögsögu. Unnið er að því að setja viðmið um eiginleika þeirra dreifiefna sem nota má í viðbrögðum við bráðamengun innan íslenskrar mengunarlögsögu. Til að undirbúa gerð slíkra viðmiða fékk Umhverfisstofnun norsku rannsóknarstofuna SINTEF til að halda vinnustofu fyrir starfsmenn Umhverfisstofnunar um dreifiefni og notkun þeirra. Vinnustofan var haldin dagana 27.-28. mars 2023.

## 6. Innlent og erlent samstarf

### 6.1 Mengunarvarnaráð hafna

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal ráðherra að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skipa átta fulltrúa í mengunarvarnaráð hafna til fjögurra ára í senn. Umhverfisstofnun tilnefnir tvo fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Hafnasamband Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa sem skal vera starfandi heilbrigðisfulltrúi, og Samgöngustofa og Vegagerðin einn fulltrúa hvor. Að auki hafa Landhelgisgæsla Íslands og Almannavarnir verið með áheyrnarfulltrúa í ráðinu.

Hlutverk mengunarvarnaráðs hafna er:

- a. að vera formlegur samstarfsvettvangur Umhverfisstofnunar og hafna um málefni sem varða viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun innan hafnarsvæða,
- b. að stuðla að samstarfi og samhæfingu milli hafna um viðbúnað, samræmingu viðbragðsáætlana og viðbragða við bráðamengun,
- c. að gera tillögu til Umhverfisstofnunar um uppbyggingu og endurnýjun á mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og
- d. að koma með ábendingar og tillögur um innihald viðbragðsáætlana.

Mengunarvarnaráð hafna hefur starfað frá árinu 2015 þegar fyrst var skipað í ráðið.

Árið 2023 var haldinn einn fundur í lok ársins. Farið var yfir reynslu af viðbrögðum við skipsstrandi flutningaskipsins Wilson Skaw, stöðu á mengunarvarnabúnaði, aðgerðaáætlun um viðbrögð við bráðamengun utan hafnarsvæða og notkun skipaafdrepa og viðbragðsáætlanir hafna. Minnisblað var sent til umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins um þörf á endurskoðun reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við við bráðamengun hafs og stranda og ákveðið var að kortleggja stöðu þjálfunar viðbragðsaðila og gera áætlun um staðsetningu og áherslur bráðamengunaræfinga.

## 6.2 Kaupmannahafnarsamkomulagið

Kaupmannahafnarsamkomulagið er samningur milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð við viðbrögðum við mengunaróhöppum á sjó. Umhverfisstofnun sótti aðalfund og fund í vinnuhópi Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2023. Ísland hefur einnig tekið þátt í starfi norræns samstarfshóps lögfræðinga (Ad Hoc Working Group) sem settur var á fót í tengslum við starf Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2018.

Á vegum Kaupmannahafnarsamkomulagsins eru almennt eru haldnar tvær skrifborðsæfingar á hverju ári þar sem opinberir tengiliðir eru prófaðir.

## 6.3 EPPR / MOSPA

Árið 2013 gerðu ríki Norðurskautsráðsins með sér samkomulag um viðbrögð gegn bráðamengun vegna olíu, svonefnt *Agreement on Cooperation on Marine Oil Pollution Preparedness and Response in the Arctic* (MOSPA). Framkvæmd samkomulagsins er tengt vinnuhópi á vegum Norðurskautsráðsins sem nefnist EPPR (Emergency Prevention, Preparedness and Response) og vinnur að stefnumörkun er snýr að viðbrögðum við umhverfisslysum.

Árið 2023 var haldinn einn staðfundur á vegum EPPR vinnuhópsins ásamt einum fjarfundi.

Mengunarvarnaæfingar á vegum MOSPA eru almennt haldnar á tveggja ára fresti, en árlega fer fram svokölluð tengiliðaprófun (connectivity test) þar sem upplýsingar um opinbera tengiliði eru prófaðar.

Á vegum EPPR var haldin vinnustofa í Reykjavík þann 30. ágúst 2023 um hönnun veftækis til að meta fýsileika viðbragða og hreinsunaraðgerða vegna olíumengunar á ströndum (EPPR S-COSRVA). Veftækið verður byggt upp með svipuðum hætti og veftæki sem var sett upp vegna viðbragða við olíumengun á hafi úti ([COSRVA](#)).